



Reykjavík 1. júní .2018.

Arkitektafélag Íslands
Aðalstræti 2, 2. hæð
101 Reykjavík

Varðar skráningu skipulagsráðgjafa sem heimilt er að sinna gerð skipulagsáætlana skv. lista Skipulagsstofnunar.

Í 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er gerð grein fyrir þeim skilyrðum sem skipulagsráðgjafar þurfa að uppfylla til að sinna gerð skipulagsáætlana. Skipulagsstofnun heldur úti lista yfir þá skipulagsráðgjafa sem uppfylla umrædd skilyrði til að leggja fram skipulagsuppdrætti til afgreiðslu og umfjöllunar hjá sveitarstjórn.

Skipulagsráðgjafi skal uppfylla annað af eftirfarandi skilyrðum til að komast á lista Skipulagsstofnunar:

1. Vera skipulagsfræðingur sem hlotið hefur heimild ráðherra til starfsheitisins.
2. Vera arkitekt, byggingafræðingur, landslagsarkitekt, tæknifræðingur eða verkfræðingur sem hlotið hefur heimild ráðherra til þeirra starfsheita og uppfylla annað af eftirfarandi skilyrðum:
 - Hafa sérhæft sig í námi á sviði skipulagsmála. Þar er átt við að verulegur hluti framhaldsnáms hafi verið á sviði skipulagsmála.
 - Hafa sérhæft sig í starfi á sviði skipulagsmála í a.m.k. tvö ár.

Vakin er athygli á því að skipulagsfulltrúa er heimilt að hafna móttöku skipulagsuppdráttanna frá þeim sem uppfylla ekki umrædd skilyrði og eru ekki á fyrrgreindum lista hjá Skipulagsstofnun.

Virðingarfyllt,

Björn Axelsson skipulagsfulltrúi